



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2016 - 2017 4. bréf í nóvember

Kæru nemendur og foreldrar

Nú kveðjum við bleikan október, höldum áfram inn í skólaárið og verður ýmislegt um að vera hjá okkur í þessum mánuði sem og öðrum. Starfsáætlun skólans er komin inn á heimasíðuna og má finna hana á slóðinni <http://siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/starfs2016-2017.pdf>

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember. Þann dag verður Stóra upplestrarkeppnin sett í 7. bekk og einnig Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk. Í unglingadeildinni verður einnig uppbrot í tilefni dagsins.

Á síðasta skólaráðsfundi hittust skólaráð Síduskóla og stjórn FOKS til að ræða um bætt umferðaröryggi að skólanum. Stjórn FOKS hefur unnið ótúllega að því að bæta aðkomu að skólanum með breyttri innkeyrslu og fjölgun gangbrauta og erum við afskaplega þakklát fyrir þá vinnu. Á morgnana er oft mikið umferðarteppa hér við innkeyrsluna í skólann þar sem bæði er verið að keyra hér inn á bílaplanið og einnig er mikil umferð frá Krógabóli. Við hvetjum auðvitað alla til að ganga í skólann og nota endurskinsmerki. Við kvörtum nú ekki yfir veðrinu sem er dásamlegt en þegar snjóinn vantar verður myrkrið meira.

Til að vinna áfram í sambandi við bætt umferðaröryggi við Síduskóla sem og aðra grunnskóla í bænum hefur Akureyrarbær sett saman aðgerðarhóp sem í sitja aðilar frá framkvæmdardeild, skipulagsdeild og síðan tveir aðilar úr skólasamfélaginu. Ólöf og Heimir verðar fulltrúar skólans í hópnum. Stefnan er að byrja á Síduskóla þannig að vonandi fáum við fljótlega bætt aðgengi að skólanum.

Að lokum langar okkur til að láta vita af því að ef þið eigið spil, púsl eða leikföng sem þið þurfið að koma á góðan stað þá þiggjum við þessa hluti með þökkum hér í skólanum.

Með bestu kveðju úr skólanum!

Ólöf Inga



Nóvember mánuður er tileinkaður virðingu

Í Síduskóla sýnum við virðingu með því að vera kurteis og koma vel fram við alla í orði og verki. Við virðum okkur sjálf, aðra og umhverfið.

Regla mánaðarins er:

„Við virðum eigur annarra og göngum vel um,,

Í nóvember á hverju skólaári er kannað hvort skólinn sé að vinna rétt eftir hugmyndafræði SMT. Þá koma aðilar úr öðrum SMT skólum á Akureyri með spurningalista (SET lista) og spyrja nemendur og starfsfólk spurninga um ákveðna þætti í skólustefnunni. Þegar við vorum skoðuð á síðasta skólaári var skorið okkar 100% en við höfum stefnt á þessa niðurstöðu frá því 2007! Við getum svo sannarlega verið stolt af því að ná þessu markmiði.

Á döfinni í nóvember:

3. nóvember	Samverustund á yngsta stigi kl. 8:10
8. nóvember	Baráttudagur gegn einelti
11. nóvember	Þemadagur
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu



Ábyrgðarmaður: Ólöf Inga Andrésdóttir

Frá og með síðastliðnu hausti varð sú breyting á hjá okkur að nemendum á yngsta stigi hefur verið boðið upp á söngkennslu. Þessari kennslu hefur Ívar Helgason sinnt og einnig mun Ívar stýra samsöng á sal í vetur og fyrsti söngsalurinn með öllum nemendum og starfsfólki skólans var haldinn 11. október sl. Á meðfylgjandi myndum er 1. bekkur með Ívari og ekki annað að sjá en nemendur hafi skemmt sér hið besta.




Kæru foreldrar og forráðamenn

Nú þegar það er farið að dimma er MJÖG mikilvægt að börnin og reyndar við öll notum endurskinsmerki eða endurskinsvesti þegar við erum í umferðinni. Í myrkri sjást gangandi og hjólandi vegfarendur illa þrátt fyrir götulýsingu. Útsýni okumanna er allt annað en þeirra sem eru gangandi eða hjólandi. Gangandi eða hjólandi vegfarendur ættu því ætíð að nota viðeigandi öryggisbúnað s.s. endurskin, ljósabúnað og hjálm. Við beinum því til ykkar að yfirfara hjólabúnað og yfirhafnir barnanna og ganga úr skugga um það að endurskinsmerki séu á yfirhöfnum og glitaugu og ljós á reiðhjólum


Verum vel upplýst og örugg í umferðinni!

Hér að neðan er tengill á gott myndband um endurskinsmerkjatilraun sem við hvetjum alla til að lesa.

<https://www.youtube.com/watch?v=tIq7VBCoMsw>



Í október tóku krakkarnir í 4. bekk þátt í lestrartilraun, ásamt umsjónarkennurum og Elvu sérkennara. Tilraunin fólst í því að finna út hvaða bækur inni í Elvu stofu væru vinsælastar, en þar er lítið bókasafn. Krakkarnir tóku vel í tilraunina og voru einstaklega dugleg að lesa. Þeir völdu sér bækur, lásu þær og skrifuðu svo ummæli, t.d. hvernig þeim fannst bækurnar. Krakkarnir höfðu skoðanir á bókunum og voru óhrædd við að mæla með þeim við bekkjarfélaga sína eða ráðleggja hvert öðru um val á bók. Fyrir vikið lásu margir bækur sem þeir hefðu að öllu jafna ekki valið sér, en voru til í að lesa vegna þess að bekkjarfélagi eða einhver kennaranna mælti með henni. Átakið tók 4 vikur og að lokum fundum við vinsælustu bækurnar. Mest lesna bókin var *Sjóræningjar skipta ekki um bleiur*. Hér til hliðar má sjá skráningar nemenda á hurðinni hjá Elvu.



Munurinn á ókurteisi, illkvittni eða einelti

Á síðustu árum hefur verið mikið talað um einelti og orðið notað í tíma og ótíma. Óviðeigandi hegðun getur verið annað en einelti og hér er fjallað um muninn á þrenns konar framkomu.

Ókurteis = Að segja eitthvað eða gera hugsunarlaust sem særir aðra.

T.d. að troðast fram fyrir í röð, monta sig af því að vera hæstur/bestur í einhverju eða henda einhverju í einhvern. Þessi hegðun gæti flokkast undir einelti en það sem greinir það frá ókurteisi er að hún er yfirleitt án umhugsunar, ekki fyrirfram ákveðin, kemur til af hugsunarleysi, slæmum mannasíðum og sjálfhverfni en er ekki beinlínis ætlað að særa. Fæst börn vilja sýna ókurteisi og ætti tiltal í flestum tilvikum að duga sem íhlutun hér.

Illkvittni = að segja eða gera eitthvað í þeim tilgangi að særa einhvern (einu sinni eða tvisvar).

Aðal munurinn á ókurteisi og illkvittni er að illkvittninni er beinlínis ætlað að særa og lítillækka einhvern. Börn sýna hvert öðru oft illkvittni þegar þau gagnrýna klæðnað, útlit, gáfur, eða hvað sem þeim dettur í hug að setja út á. Börn sem sýna illkvittni gera það oft vegna þess að þeim líður illa eða til að upphefja sig á kostnað annarra. Þau nota oft orð eins og: Ætlaðu í alvöru að vera í þessari peysu aftur? Varstu ekki í henni í síðustu viku? Þú ert svo feit/ljót/heimsk. Ég hata þig. Illkvittni getur sært djúpt og fullorðnir geta skipt sköpum í lífi barna og unglinga sem sýna hann. Taka þarf illkvittni alvarlega, ræða við barnið og foreldra og benda á að stutt sé milli illkvittni og eineltis. Tiltal, umræður og stuðningur gætu verið íhlutun hér.

Einelti = Vísvitandi árásgjörn, síendurtekin hegðun, þar sem valdahlutföll eru ekki jöfn.

Sérfræðingar eru sammála um að einelti innihaldi þrjú lykilatriði en það eru:

Ætlun á því að valda skaða.

Munur á valdahlutföllum.

Endurteknar hótanir og/eða árásgjörn hegðun.

Krakkar sem leggja í einelti, segja eða gera eitthvað í þeim tilgangi að særa og þeir halda því áfram án þess að finna fyrir eftirsjá eða iðrun jafnvel þó þolandinn sýni að þetta særi hann eða og biðji um að hegðuninni sé hætt. Einelti getur verið líkamlegt, í orðum, í félagslegum samskiptum eða í gegnum samfélagsmiðla.

Líkamlegt ofbeldi er það sem einu sinni var það eina sem flokkaðist undir einelti. Það er t.d. að lemja, sparka, kýla, hrækja, hártog og fleira.

Andlegt ofbeldi er sú tegund hegðunar sem börnum var áður oft ráðlagt að hunsa. Nú er vitað að orð og hótanir geta sært verulega og jafnvel valdið varanlegum skaða.

Félagslegt einelti er þegar börn nota vinskap eða það að hætta að vera vinur til að særa einhvern. Félagsleg útilokun, hunsun, augngotur, svipbrigði og baktal eru allt hluti af félagslegu einelti sem getur verið afskaplega erfitt fyrir börn.

Einelti á samfélagsmiðlum er tiltölulega nýtt með aukinni notkun samfélagsmiðla. Vegna þess hve víða slíkt getur farið á netinu veldur þessi tegund eineltis sérlega miklum skaða og vanlíðan.

Á síðustu árum hefur orðið einelti verið mikið notað og oft ekki greint milli ókurteisi, illkvittni og eineltis. Það getur verið hættuleg þróun. Við þurfum að gæta þess að ofnota ekki orðið einelti. Ef það gerist er hættan sú að ekki verði brugðist rétt við þegar um raunverulegt einelti er að ræða. Viðbrögð við einelti ættu alltaf að vera samkvæmt vinnuferli eineltisáætlunar. Þegar fram koma vísbendingar um einelti þarf því oft að byrja á því að greina milli þessara þátta og hafa íhlutun í samræmi við það.

Þuríður Hallgrímsdóttir náms- og starfsráðgjafi

Þýtt af http://www.huffingtonpost.com/signe-whitson/bullying_b_2188819.html

Myndir frá bleikum degi í október



Námsmat í Síðuskóla

Stefna Síðuskóla með námsmati er að veita upplýsingar um námið, hvernig þeir geti náð markmiðum þess og örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram. Því þarf námsmatið að vera leiðbeinandi, uppörvandi og uppbyggjandi. Til þess að það geti tekist verður nemendum að vera ljóst hvaða markmiðum stefnt er að.

Hæfniviðmið í aðalnámskrá eru höfð til hliðsjónar þegar kemur að námsmati.

Lykilhæfni

Í Síðuskóla er farin sú leið að meta lykilhæfni nemenda, þ.e. hvernig námsmenn þeir eru og hvaða vinnubrögðum þeir beita í sýnu námi. Tvisvar á ári er frammistöðumat sem unnið er í Mentor en þá leggja bæði nemendur og kennarar mat á ákveðna þætti. Það eru: *Sjálfstæði og ábyrgð, virkni í samvinnu, þrautsegja og tjáning og miðlun upplýsinga*. Lykilhæfnipættir fléttast svo einnig inn í lokamat í hverri námsgrein enda hluti af hæfni nemenda.

Til að meta lykilhæfni eru notaðir bókstafirnir A, B, C, og D. Í mati á lykilhæfni þýðir:

- A – Gerir sitt allra besta
- B – Gerir vel
- C – Leggur sig þokkalega fram
- D – Leggur sig lítið fram

Matskvarði í lokamati að vori: A, B+, B, C+, C og D

Matskvarði tekur alltaf mið af hæfniviðmiðum í hverri námsgrein fyrir sig. Aðalnámskrá liggur til grundvallar en unnið er að því að laga markmið Síðuskóla að hæfniviðmiðum.

- A – Mjög góð hæfni og frammistaða
- B – Góð hæfni og frammistaða
- C – Sæmleg hæfni og frammistaða
- D – Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant

Ekki er sérstakur kvarði fyrir B+ og C+ heldur eru þau viðmið notuð t.d. þegar nemendi nær viðmiðum fyrir hæfni C að öllu leyti og hæfni B að miklu leyti en þá fær hann C+. Það sama gildir um B+, ef nemendi nær viðmiðum fyrir hæfni B að öllu leyti og sýnir mjög góða hæfni í ákveðnum þáttum (A), án þess að uppfylla þá alla myndi hann fá einkunnina B+.



Hæfni á námsviði

Hæfni á námsviði er metin á fjölbreyttan hátt. Kennarar leggja ýmis verkefni fyrir jafnt og þétt yfir skólaárið og meta ýmist munnlega, verklega eða skriflega. Matsverkefni geta verið stuttar afmarkaðar æfingar, dýpri verkefni, próf og kannanir svo dæmi séu nefnd. Matsverkefni eru ýmist unnin einstaklingslega eða í þörum og hópum. Mat er einnig mat lagt á vinnubækur og sér valin verkefni.

Misjafnt er hvernig gefið er fyrir einstakan matsþátt. Það getur verið í tölum, bókstöfum, táknum eða fyllyrðingum.

Frammistaða fyrir einstök verkefni getur birst í verkefna-bók, dagbók eða á hæfnikorti nemenda í Mentor K3.

Kennarar eru að fíkra sig áfram með vinnu í K3 umhverfi Mentor svo það námsmat sem þar er skráð mun ekki birtast foreldrum og nemendum í bili. Foreldrar verða látnir vita þegar opnað verður fyrir þann aðgang á nemenda-spjaldi.

Samkvæmt aðalnámskrá eiga allir grunnskólar landsins að útskrifa nemendur úr 10. bekk með einkunn í bókstöfum. Í Síðuskóla var ákveðið að fara þessa leið í öllum árgöngum. Síðustu ár hefur lokamat verið gefið í bókstöfum á yngsta stigi en tölum í 5. – 10. bekk. Þar sem áskilið er að gefa lokamat í 10. bekk í bókstöfum þótti vænlegt að vera ekki að birta mat í tölum í 5. – 9. bekk heldur festa bókstafina í sessi í öllum árgöngum. Þetta eru ákveðnar breytingar og tekur tíma að fyrir bæði nemendur, foreldra og kennara að aðlagast og þróa. Aðlaga þarf kennslu og verkefni að breyttri hugsun þar sem hæfniviðmið ráða för.

Myndir frá því er nemendur leikskólans Sunnubóls heimsóttu 1. bekk Síðuskóla.



MATSEÐILL NÓVEMBERMÁNAÐAR

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	1. Hakkað buff, kartöflur, lauksósa, grænmeti	2. Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	3. Kjúklingur, hrísgrjón, maisbaunir, sósa	4. Skr, smurt brauð, ávextir
7. Steiktur fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	8. Kjötbollur, kartöflur, rauðkál, gr. baunir, sósa	9. Gratineraður fiskur, kartöflur, grænmeti, ávextir	10. Pottréttur, hrísgrjón, snittubrauð	11. Þemadagur Samlokur, ávextir
14. Nætursaltaður fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	15. Slátur, kartöflumús, ávextir	16. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti, ávextir	17. Kakósúpa, tvíbökur, salat-bar Val nemenda	18. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
21. Kjötþúðingur, kartöflumús, grænar baunir, sósa	22. Ýsa í karrýmarineringu, kartöflur, ferskt grænmeti, ávextir	23. Soðinn lambsbógur, kartöflur, hrísgrjón, kar-rýsósa	24. Fiskibuff, kartöflur, grænmeti, sósa, st. Laukur	25. Súpa, brauð, ávextir
28. Fiskibollur, kartöflur, grænmeti, st. laukur, ávextir	29. Kjötsúpa	30. Hamborgarar, grænmeti, sósa		